

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Í stað stöðvunarskyldu komi biðskylda á Laugarnesvegi við Sundlaugaveg norðan gatnamótanna en stöðvunarskylda verði áfram á Sundlaugavegi sunnan gatnamótanna.
2. Felld verður niður næturlokun á Túngötu við St. Jósefsspítala milli Ægisgötu og Hrannarstígs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. júní 1980.

Lögreglustjórinn í Reykjavík 19. maí 1980.

Sigurjón Sigurðsson.